



26. fundur stjórnar LH 2022-2024
1. júlí 2024 kl. 18:00
Fjarfundur

Mætt úr aðalstjórn: Guðni Halldórsson, Ólafur Gunnarsson, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Unnur Rún Sigurpálsdóttir, Hákon Hákonarson.

Mætt úr varastjórn: Sveinn Heiðar Jóhannesson

Fjarverandi: Valdimar Magnús Ólafsson, Gróa Björg Baldvinsdóttir, Randi Holaker, Birna Tryggvadóttir

Forföll boðuðu: Edda Rún Ragnarsdóttir,

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Umsókn um staðfestingu á Íslandsmeti í 150m skeiði

Mótsstjórn Reykjavíkurmóts óskar eftir staðfestingu á Íslandsmeti í 150m skeiði, sett þann 12. júní á Reykjavíkurmóti.

Stjórn óskaði eftir umsögn keppnisnefndar LH um málið og fylgir umfjöllun nefndarinnar sem viðhengi við þessa fundargerð.

Meiri hluti keppnisnefndar hefur fjallað um málið en þrjár aðilar í keppnisnefnd töldust vanhæfir til að fjalla um málið vegna tengsla við knapann eða mótið.

Keppnisnefnd mælir með að stjórn LH samþykki Íslandsmet Konráðs Vals Sveinssonar og Kjarks frá Árbæjarhjáleigu í P3 - 150 m. skeiði, tíminn er 13,62 sek. sett á Reykjavíkurmóti í Víðidal þann 12. júní 2024.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir met Konráðs Vals og Kjarks í 150 m. skeiði, tíminn er 13,62 sek.

Til bókunar, samþykkt milli funda

2. Áhugamannamót Íslands – Samþykkt milli funda

Hestamannafélagið Dreyri hefur verið fengið til að halda Áhugamannamót Íslands samhliða íþróttamóti Dreyra. Til að það verði framkvæmanlegt óskar Dreyri eftir kr. 200.000 í styrk til að standa straum af kostnaði við mótið.

Afgreiðsla: Samþykkt að veita Áhugamannamóti Íslands styrk að fjárhæð 200.000 kr. þegar uppgjör mótsins hefur verið lagt fram.

3. Erindi frá Hestamannafélaginu Létti

Óskað er eftir undanþágu frá reglu um þátttöku í úrtöku fyrir Landsmót.

Keppnisnefnd fjallaði um málið og mælir gegn veitingu undanþágunnar.

Afgreiðsla: Hafnað.

Fundi slitið kl. 20.00